



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Þórunnartúni 6, Rvk. mánudaginn 13. janúar 2020 kl. 16:30.

(Fundur nr. 6. frá Kópavogi)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Þuríður Yngvadóttir, Jens B. Baldursson, Laufey
Hannesdóttir, Björn Traustason, Brynjólfur Jónsson, Kristinn H. Þorsteinsson og
Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð). Sigrún Stefánsdóttir var í Skype.

Dagskrá fundar

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykkt með lítilsháttar breytingum.

2. Fjárhagsáætlun 2020 endurskoðuð

Gjaldkera (L.H.) hefur tekist í samvinnu við gjaldkera (Hrefnu) að koma saman áætlun. Hægt ætti m.v. þessa áætlun að reka félagið með 3,7 m kr. hagnaði við árslok. En á móti kemur að vegna afmælisársins er margt ófyrirséð. Húsnæðiskostnaður er ívið hærri en í meðalári (4 m kr.), vegna fyrirhugaðrar standsetningar.

3. Undirbúningur vegna 90 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands

Þuríður sagði frá fundi með stjórn Skógræktarfélags Mosfellsbæjar í Hlégarði nýverið. Rætt var um dagskrá aðalfundar, ferðir, leiðsögn o.fl. Á Þingvöllum myndi Einar Sæmundsen þjóðgarðsvörður taka á móti hópnum við Furulundinn. Ekki hefur tekist að ná fundi með E.S. enn vegna færðar, en við hann verður rætt á næstu dögum. Sett verður upp rafgirðing. Þjóða skal forseta og forsætisráðherra.

Fyrir dagskrána 26. júní: Til stendur að halda fund í vikunni með Ungmennafélaginu, Skátunum og fulltrúum ungmenna sem koma að fundinum.

4. Verkefni og áætlanir Kolviðar

Vel gengur hjá Kolviði að afla skuldbindinga frá fyrirtækjum sem vilja kolefnisjafna sig. Gerður hefur verið samningur um plöntuframleiðslu við Sólskóga og Kvista.

Gróðursett verður á Úlfljótsvatni, Geitasandi, Reykholti (Borgarf.) og Vopnafirði. Búið er að ganga frá samningi um 350 ha á Geitasandi og ganga þarf frá samningi vegna Skálholts. Verið er að skoða fleiri svæði.

Formaður hefur verið launalaus í þessu verkefni. Samþykkt var á síðasta stj.f. Kolviðar að honum verði greiddar 30 þús. kr. fyrir aksturskostnaði.

5. Sk. Garðabæjar – Smalaholt

Ekkert nýtt er að fréttu af málinu. Bæjarstjórnin í Garðabæ situr enn við sinn keip og hyggst ekki breyta fyrri ákvörðun um að taka 15 hektara skógræktarsvæði að stórum hluta undir golfvöll. Nú er að biðja og sjá hvort skipulagsnefnd Garðabæjar tekur tillit til umsagna.

6. Önnur mál

Tilnefning í ESA. Send var inn umsókn fyrir setu fulltrúa frjálsra félagasamtaka á Íslandi í sérfræðingahópi um útfærslu regla um skógrækt og loftslagsmál. Allar líkur eru á að fulltrúi SÍ verði samþykktur.

Færri „rótaskot“ seldust fyrir þessi áramót (40% minna) en í fyrra. Ræða þarf þetta við Landsbjörgu á næsta fundi.

Fagráðstefna skógræktar: samkeppni kynnt. Fulltrúi SÍ í nefndinni. Stungið upp á Einar Erni Jónssyni.

Landsáætlun í skógrækt, drög, frestur til að skila umsögn til 31.1. Stjórnin lýsir ánægju með fyrirliggjandi drög en leggja skuli meiri áherslu á lög og alþjóðasamþykktum. Jafnvel megi hnykkja á því að „ágeng framandi tegund“ sé ekki endilega samheiti yfir „innflutta tegund sem sáir sér út“.